

Sp.

178. Tillaga til þingsályktunar

um leit að dýrmætum efnum og málum í jörðu.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela rannsóknarráði ríkisins að láta rannsaka, hvort hér eru í jörðu dýrmæt efni eða málmar í það stórum stíl, að af því megi verða arðvænlegur atvinnurekstur.

Greinargerð.

Það er kunnugt, að fundizt hafa hér í jörðu ýmis dýrmæt efni og málmar, enda þótt það hafi ekki verið í svo stórum stíl, að tiltækilegt þætti að hefja vinnslu þeirra. Það er ekki sæmandi að gera ekki meira en gert hefur verið til að rannsaka til hlítar, hvort hér eru í jörðu málmar og dýrmæt efni í það stórum stíl, að arðvænleg atvinnugrein geti af því orðið.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir því, að rannsóknarráði ríkisins verði falið að sjá um framkvæmd rannsókna. Má gera ráð fyrir, að ekki verði hjá því komizt að bæta aðstöðu ráðsins á ýmsan hátt, til þess að það geti sinnt þessu mikilvæga hlutverki í ríkari mæli en verið hefur.